



FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

14. OKTÓBER 2011

FRÁ FORMANNI

EFNI BRÉFSINS:

FRÁ FORMANNI	1
HAUST-FUNDUR HS	1
STÓÐHESTA-SKÝRSLUR...	1
Á DÖFINNI HJÁ HS	2
DNA GREININGAR	2
HEIMARÉTT Í WORLD FENG	2
ADGANGUR AÐ WORLD FENG	2
ÍSLENSKI HROSSA-STOFNINN...	2

[WWW.BSSL.IS/HROSSARAECT](http://www.bssl.is/hrossaraekt)

Sælir ágætu félagsmenn.

Segja má að nýtt starfsár Hrossaræktarsamtaka Suðurlands hefjist að hausti. Hér kynni ég það sem við stjórnarfólk bjóðum upp á í dagskrá okkar í vetur. Byrjað verður á haustfundi miðvikudaginn 19. október. Á honum mun Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur fara yfir árangur kynbótasýninga ársins og Mette Mannseth vera með erindi um tamningar og uppbyggingu ungra hrossa sem stefnt er með í sýningar og keppni. Fræðslukvöld verður 17. janúar og þar mun Benedikt Líndal vera með erindi sem hann nefnir "Hvað er reiðmennska?" Byggingadómanámskeið verður 25. febrúar á Skeiðvöllum í Landsveit og hæfileikadómanámskeið sem kynnt verður síðar. Aðrir viðburðir eru ungfólasýning 7.apríl og Ræktun 28.apríl en stefnt er að því að hafa þær sýningar með svipuðu sniði og þær voru s.l. vetur.

Það hleypir ávallt krafti í í hestamennsku og hrossarækt að hafa landsmót framundan þó svo að



landsmót verði núna annað ár í röð í ljósi sérstakra aðstæðna. Ég er ekki í vafa um að við höldum glæsilegt landsmót á komandi sumri sem mun kynna hestinn okkar og það sem fram fer hér á sviði hestamennsku með glæsilegum hætti. Við þurfum á því að halda að okkur takist vel til á öllum sviðum markaðssetningar á hestinum en eins og flestir upplifa þessa daganna mætti hrossasala vera líflegri en raunin er. Það eru vafalaust margir samverkandi þættir sem draga úr hrossasölu en

efnahagsástand og óvissa í efnahagsmálum hérlandis sem erlendis hafa þar mikil áhrif. Við sem erum í hrossarækt þurfum að horfa til hagræðingar enda kostnaður mikill í kringum okkar búgrein. Vonandi að niðursveiflan sé tímabundin og við stöndum sterkari eftir en það að skoða sinn rekstur er nauðsynlegt og hollt á hverjum tíma.

Með bestu kveðju frá formanni,

Sveinn Steinarsson

HAUSTFUNDUR HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður haldinn í félagsheimili Hestamannafélagsins Sleipnis, Hliðskjálfi á Selfossi (í hesthúsahverfinu, Suðurtröð), miðvikudaginn 19. október kl. 20:00. Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur Bændasamtaka Íslands verður með framsögu á fundinum. Mette Mannseth mun einnig vera með fræðsluerindi um tamningar og þjálfun ungra hrossa sem stefnt er með í sýningu og keppni. Stjórnin hvetur félagsmenn til að fjölmenna á fundinn og taka þátt í umræðum. Kaffi og meðlæti í boði samtakanna.

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

STÓÐHESTASKÝRSLUR/ FANGVOTTORÐ

Eigendur stóðhesta eru minntir á að núna er rétti tíminn til að skila inn stóðhestaskýrslum/ fangvottorðum. Hægt er að skila þeim inn til skráningar hjá Búnaðarsambandi Suðurlands Austurvegi 1 á Selfossi. Það er mikill fengur að því fyrir hryssueigendur að upplýsingar um fang skili sér inn í Worldfeng því annars geta hryssueigendur ekki sjálfir skráð folöldin í gegnum heimaréttina í Worldfeng. Eyðublöð má nálgast á skrifstofu Búnaðarsambands Suðurlands eða á heimasíðu BSSL www.bssl.is undir hrossarækt/ eyðublöð.

Búnaðarsamband Suðurlands

Á DÖFINNI HJÁ HS

Haustfundur 19. október, fyrirlesarar, Guðlaugur Antonsson og Mette Mannseth

Fræðsluerindi 17. janúar 2012 með Benedikti Líndal. Hvað er reiðmennska?

Byggingadómanámskeið 25. febrúar 2012 á Skeiðvöllum
Ungfolasýning á Ingólfshvoli 7. apríl 2012 í tengslum við stóðhestasýninguna.

Ræktun, 28. apríl 2012

Hæfileikadómanámskeið ótímasett en trúlega í maí.

Allir þessir viðburðir verða auglýsti frekar þegar nær dregur en það er um að gera að taka þessa daga frá og mæta. Þátttaka í námskeiðum er niðurgreidd fyrir félagsmenn HS.

HEIMARÉTT Í WORLD FENG

Heimaréttin í WorldFeng er frábær nýjung. Nú geta ræktendur skráð folöldin jafnóðum og þau fæðast og gengið sjálfir frá eigandaskiptum. Stóðhestaskýrslur/ fangvottorð og örmerkjablöð verður þó áfram að senda inn til skráningar. Rétt er að benda á að í heimaréttinni birtast eingöngu hross sem skráð eru á þann sem hefur aðganginn að WF. Ef ræktendur vilja að hross barna og maka komi einnig fram í sömu heimarétt er hægt að fylla út eyðublað sem kallað er, umboð vegna heimaréttar. Eyðublað þetta er að finna í WF undir eyðublað og þegar það hefur verið fyllt út og undirritað af viðkomandi aðilum er það sent til tölvudeildar Bændasamtaka Íslands, heimilisfang kemur fram neðst á eyðublaðinu. Tölvudeildin sér síðan um að tengja viðkomandi kennitölur í eina heimarétt.

DNA-GREININGAR

Búnaðarsamband Suðurlands býður upp á DNA-sýnatöku úr hrossum til staðfestingar á ætterni. Sýnataka er unnin af Búnaðarsambandinu en greining sýnanna er á vegum líftæknifyrirtækisins Matís ohf/Prokaria. Niðurstöður DNA-greininganna eru síðan lesnar inn í Worldfeng að lokinni greiningu. Allir stóðhestar sem koma í kynbótadóm verða að hafa sannað ætterni.

Tekið er við pöntunum hjá Búnaðarsambandi Suðurlands í síma 480-1800, einnig er hægt að senda tölvupóst á netföngin halla@bssl.is og petur@bssl.is. Einungis eru tekin sýni úr örmerktum hrossum. Búnaðarsambandið sinnir örmerkingum á hrossum.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

Tímagjald fyrir sýnatöku og frágang: 6.000 kr/klst + vsk

Komugjald: 2.300 + vsk

Greining á sýni: 5.200 kr + vsk

Forgangssýni (tekur 10 daga): 8.500 kr + vsk

Búnaðarsamband Suðurlands

AÐGANGUR AÐ WORLD FENG

Allir félagsmenn í Hrossaræktarsamtökum Suðurlands eiga rétt á að fá aðgang að Worldfeng sér að kostnaðarlausu. Félagsmenn eru nú 468 þegar þetta er skrifað og eru 373 sem nýta sér aðganginn að Worldfeng. Ef einhverjir sem lesa þetta hafa ekki komist inn í Worldfeng þá er skýringin trúlega sú að netfang viðkomandi er ranglega skráð í WF. Endilega sendið tölvupóst á netfangið halla@bssl.is ef þið hafið ekki komist inn í WF þannig hægt sé að kippa því í lag. Worldfengur er ómissandi fyrir ræktendur og áhugafólk um hrossarækt.

ÍSLENSKI HROSSASTOFNINN STENDUR KEIKUR

Nú er ár liðið frá því faraldur smitandi hósta gekk yfir hrossastofninn hér á landi og lamaði meira og minna alla hestatengda starfsemi. Fjárhagslegt tjón varð umtalsvert sérstaklega þar sem fresta varð Landsmóti hestamanna um eitt ár. Um var að ræða bakteríusýkingu í efri hluta öndunarvegarins sem einkenndist af graftarkenndum hor og hósta. Öll hross landsins voru móttækileg fyrir sýkingunni og því var frá upphafi talið að um nýtt smitefni væri að ræða hér á landi.

Sýnt hefur verið fram á að sjúkdómsvaldurinn var nýr stofn af tegundinni *Streptococcus zooepidemicus*. Þar sem allan hrossastofninn skorti sértæk mótefni gegn þessu smitefni sköpuðust forsendur fyrir viðtækum faraldri. Þéttsetin hesthúsin og hestahaldið í heild sinni reyndust ennfremur bakteríunni hagstætt. Þessi bakteríustofn er vel þekktur sjúkdómsvaldur í öllum okkar nágrannalöndum en veldur þar helst veikindum hjá unghrossum. Sjúkdómurinn er í flestum tilfellum talinn hættulaus en getur trúflað þjálfun hrossa.

Allt bendir til að hrossastofninn hafi nú byggt upp góða mótstöðu gegn þessu smitefni. Lítið hefur borið á einkennum sýkingarinnar í folöldum í sumar og haust sem endurspeglar væntanlega að lítið sé orðið um smitefnið í umhverfinu.

Faraldur smitandi hósta reyndist enn ein birtingarmynd þess hversu viðkvæmur íslenski hrossstofninn getur verið fyrir nýjum smitefnum, jafnvel þeim sem ekki eru þekkt fyrir að valda alvarlegum sjúkdómum þar sem þau eru landlæg. Því verða allir að leggja á eitt um að efla smitvarnir landsins og verja hrossin frekari áföllum. Bann við innflutningi lifandi dýra er þar lykilatriði auk þess sem bannað er með öllu að flytja til landsins notuð reiðtygi og notaður reiðfatnaður skal sótthreinsaður samkvæmt reglum Matvælastofnunar.

Sigríður Björnsdóttir, Matvælastofnun